



VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS HF
Löggilt kauphöll
ICELAND STOCK EXCHANGE

Alþingi
Erindi nr. P 127/39
komudagur 7. 11. 2001

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.11.2001
Tilv. 111
FS/fs

Efni: Umsögn um 114. mál (skattapakkan).


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 16. október 2001, þar sem óskað er eftir umsögn Verðbréfaþings Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og fleiri skatta- og gjaldalögum sem og bókhaldslögum og ársreikningalögum (114. mál). Verðbréfaþing vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

- *Stuðningur við afnám verðbólgu-reikningsskila.* Verðbréfaþing fagnar því að lagt skuli til að verðbólgu-reikningsskil verði afnumin. Þingið tekur þátt í samstarfi fjögurra norræna kauphalla (NOREX) sem miðar m.a. að því að auðvelda erlendum aðilum að eiga viðskipti með verðbréf milli landa. Verðbólgu-reikningsskil eru framandi fyrir erlenda aðila og eiga án efa sinn þátt í að fjárfesting erlendra aðila í innlendum verðbréfum er minni hér á landi en í helstu nágrannaríkjunum. Reikningsskil af þessu tagi kunna að hafa átt rétt á sér í verðbólguþjóðfélagi síns tíma en þau verkefni sem nú er við að glíma í efnahags- og viðskiptamálum krefjast þess að Íslendingar lagi sig að því sem almennt tíðkast í hinum vestræna heimi fremur en að halda áfram að búa við sérstöðu í reikningsskilum.
- *Stuðningur við skattalækkun.* Verðbréfaþing fagnar tillögu um að tekjuskattur hlutafélaga verði lækkaður úr 30% í 18% og almennur eignarskattur úr 1,2% í 0,6%. Þessi breyting hefur jákvæð áhrif á atvinnurekstur í landinu og þar með efnahagslífið og hlutabréfamarkað, enda hækkaði Úrvalsvisitala Verðbréfaþings um liðlega 6,5% daginn eftir að ríkisstjórnin kynnti þessi áform í byrjun síðasta mánaðar.
- *Skattaleg meðferð samlagshlutafélaga og samlagsfélaga.* Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. gr. tekju- og eignarskattslaganna verði breytt til að taka af tvímæli um skattalega meðferð samlagshlutafélaga og samlagsfélaga. Á síðustu árum hefur notkun samlagsformsins aukist vegna þess skattahagræðis sem því fylgir. Þetta form er kjörið fyrir fjárfesta eins og lífeyrissjóði sem ekki eru skattskyldir. Slíkir aðilar njóta því ávöxtunarinnar að fullu ef hún er hvorki skattskyld hjá félaginu né hjá þeim sjálfum. Með frumvarpinu er ekki komið í veg fyrir að unnt sé að stofna og starfrækja samlagsfélag sem ósjálfstæðan skattaðila og ber að fagna því. Hins vegar verður ekki hægt að stofna og starfrækja samlagshlutafélag nema sem sjálfstæðan skattaðila. Ástæða er til að benda á að sums staðar, m.a. í Bandaríkjunum, er hægt að stofna og starfrækja samlagshlutafélög án þess að þau séu sjálfstæðir skattaðilar og jafnframt hefur verið búið svo um hnútana að unnt er að skrá félögin í kauphöll. Dæmi eru um stór félög af þessu tagi og mikil viðskipti með bréf þeirra. Með hliðsjón af þessu væri að mati Verðbréfaþings ástæða til að freista þess að koma málum í sama horf hér á landi.

Í frumvarpinu eru lagðar til takamarkaðar breytingar á ársreikningalögum nr. 144/1994. Verðbréfaþing vill nota tækifærið og benda nefndinni á nokkur mikilvæg atriði tengd þessum lögum sem ástæða er til að breyta fyrr en síðar:

- *Staða alþjóðlegra reikningsskilastaðla hér á landi.* Innan Evrópusambandsins er nú unnið markvisst að því að fyrir árið 2005 verði öllum kauphallarskráðum félögum skylt að fara að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í nýlegum hálfársuppgjörum nokkurra félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi var stuðst við slíka staðla þar sem ákvæðum ársreikningalaga/reglugerðar sleppti eða þau voru óljós. Með hliðsjón af þessu er orðið brýnt að skýr ákvæði um alþjóðlega reikningsskilastaðla verði lögfest hér á landi. Í því sambandi vill þingið sérstaklega hvetja til að kauphallarskráðum félögum beri að styðjast við alþjóðlega reikningsskilastaðla.
- *Reikningsskilaráð.* Ráðinu er ætlað að stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju hér á landi. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hafa þróast hratt á liðnum árum og ljóst er að innlendar reglur um reikningsskil dragast fremur aftur úr en hitt. Ein leið til að bæta úr þessu er að efla starfsemi reikningsskilaráðs, t.d. með því að kveða á um lágmarksstarfsaðstöðu sem fjármálaráðuneytinu beri að láta ráðinu í té. Þá telur Verðbréfaþing einnig við hæfi með hliðsjón af áformum Evrópusambandsins um að kauphallarskráð félög fari að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að samsetningu ráðsins verði breytt þannig að Verðbréfaþing tilnefni einn mann í ráðið.

Virðingarfyllst,



Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri